

SIKKUS

31. ÁGÚST 2007 ■ Móeiður í prestinn ■ Friðrika flytur í nýja húsið ■ Helmingur Gis fer í sjónvarpið ■ Nylon-par byggir hús



AUÐUNN BLÖNDAL AFTUR Í SJÓNVARPIÐ

**EKKI HROKAFULLUR
HELDUR FEIMINN**

PIPAR • SÍA • 71187

FRAMTÍÐARHEIMILIÐ ER KOMIÐ Í PRODOMO

Prodomo er ný verslun sem býður nýjustu hönnun í ljósum og rafbúnaði og háþróaðan stjórnbúnað fyrir lýsingu, tónlist, mynd og hita.

Hlíðasmári 1 / 200 Kópavogur
Sími 520 4545 / www.prodomo.is
prodomo@prodomo.is


PRODOMO

fréttir

Selur glæsihæð á Hagamel

Heyrst hefur



Dead komið norður

Það er engin lognmolla hjá Jóni Sæmundi sem nýlega opnaði Dead-verslun á Laugavegi. Nú eru Dead-vörurnar einnig komnar norður því ein skemmtilegasta verslun Akureyrar, antikverslunin Frúin í Hamborg, hefur hafið sölu á vörum Jóns. Jón Sæmundur fær hvorki meira né minna en nærri heilt herbergi í versluninni undir vörur sínar en deilir því reyndar með nokkrum bolum frá Nakta apanum. Planið er að fá fleiri íslenska hönnuði til að selja vörur sínar í versluninni.



Gillz á faraldsfæti

Það er í nógu að snúast hjá Agli Gillzenegger, eða Stóra G eins og hann kallar sig stundum, um þessar mundir. Íþróttakademían í Reykjanesbæ er komin á fullt en Gillz er potturinn og pannan í félagslífinu þar. Hann lætur þó ekki annir í skólanum halda aftur af sér því Stóri G skelti sér til London fyrir skömmu þar sem hann fylgdist með leik Chelsea og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni. Gillz bloggar um dvöl sína í London á heimasíðu sinni en þar kemur meðal annars fram að hann njóti ekki sömu frægðar þar og hér á landi. Þurfti hann meðal annars að standa í röð á skemmtistöðum eins og hver annar úthverfaplebbi.

Einar Bárðarson, umboðsmaður Íslands, hefur sett stórglæsilega íbúð sína við Hagamel 8 á sölu. Einar hefur verið með annan fótinn í London síðustu ár þar sem hann hefur unnið að framgangi íslenskrar tónlistar. „Ég hef verið með íbúðir í London og Reykjavík síðustu tvö ár en nú verður smá breyting á,“ segir Einar. „Mér finnst það mjög leiðinlegt og erfitt að selja þessa íbúð. Hún er á besta stað í Reykjavík.“

Og það eru orð að sönnu. Íbúðin er fimm herbergja, með tvö herbergi og þrjár stofur, stutt frá Melaskóla og Melabúðinni. Hún kostar líka sitt. Ásett verð er 55 milljónir.

Einar þarf starfs síns vegna að dvelja meira í London en áður en hann hefur meðal annars átt stóran þátt í því að koma Garðari Thor Cortes á framfæri þar ytra sem og Nylon-flokknum. Einar verður þó ekki einn í London því kona hans, Áslaug Einarsdóttir, og dóttir þeirra verða með honum ytra.

„Ég verð nú með annan fótinn heima líka því ég á hlut í stærsta tónleikafyrirtæki landsins og þarf að sinna því,“ segir Einar og vísar þar í fyrirtækið Concert sem hann stofnaði fyrir nokkrum árum. Fram undan eru meðal annars tónleikar með Chris Cornell og Megasi í Laugardalshöll sem og fullt af öðrum spennandi hlutum sem Einar vill ekki gefa upp að svo stöddu.



EINAR BÁRÐAR Umboðsmaður Íslands verður meira og minna í London næstu ár svo hann hefur sett íbúðina sína við Hagamel á sölu.

HAGAMELUR 8 íbúðin hans Einar er í þessu glæsilega húsi við Hagamel.

MÓEIÐUR JÚNÍUSDÓTTIR LÝKUR BRÁÐUM BA-GRÁÐU Í GUÐFRÆÐI. HÚN HYGGR Á FREKARA NÁM OG ÆTLAR AÐ TAKA EMBÆTTISPRÓF.

Guðslög mikilvægari en landslög

Móeiður Júníusdóttir er við það að klára BA-prófið sitt í guðfræði. Hún ætlar þó hvorki að segja skilið við guð né fræðin að prófi loknu. Hún stefnir að embættisprófi eftir tvö ár. Í framhaldinu getur hún sótt um braud.

„Ég hef alltaf verið trúuð og trúin hefur ýmis birtingarform. Tónlistin hefur til dæmis verið hluti af henni,“ segir Móeiður, sem gerði garðinn fyrst frægan sem söngkona enda af miklu tónlistarfólki komin.

Móeiður hefur mörg járn í eldinum því með skólanum ætlar hún að sjá um barnastarfið í Frikirkjunni í Reykjavík ásamt öðru góðu fólki. Og starfið leggst vel í hana. „Ég get tekið börnin mín með í kirkjuna og sameinað starfið þar og góða stund með þeim,“ segir Móeiður, sem síðustu ár hefur legið yfir Biblíunni og öðrum góðum skólabókum. Og Móeiður er himinlifandi með guðfræðina. „Hún er alveg ofboðslega skemmtileg og kemur alltaf á óvart. Það er náttúrulega elsta deildin í háskólanum,“ segir Móeiður, sem reyndi fyrst við aðra gamla en ekki síður merkilegri grein. lögfræði. „Ég hætti eftir eitt ár þegar ég komst að því að guðslög eru bæði mikilvægari og merkilegri,“ segir Móeiður, sem fær væntanlega innan skamms nafnbótina séra Móeiður.

MÓEIÐUR JÚNÍUSDÓTTIR Móeiður ætlar að sjá um barnastarfið í Frikirkjunni í Reykjavík í vetur ásamt öðru góðu fólki. MYND/GVA



G-STAR RAW

REYKJAVÍK STORE
LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

Flottar gallabuxur á hana

Opið: föstudaga 10-18.30
laugardaga 10-17

G-STAR RAW DEFENDER marc newson g-star.com

Gís aftur í sjónvarpið

Guðný Pála Rögnvaldsdóttir, annar helmingur Gís-duettsins, sem sló í gegn í X-factor þáttunum, er aftur komin í sjónvarpið. Hún er þó ekki fyrir framan myndavélarnar að þessu sinni heldur sinnir skriftustarfi á Stöð 2. Hugurinn stefnir þó aftur fyrir framan myndavélarnar.

„Mig langar einna helst að vinna við sjónvarp í framtíðinni fyrir utan sönginn sem er alltaf efstur á listanum,“ segir Guðný Pála sem kolféll fyrir myndavélunum þegar hún tók þátt í X-factor. „Sjónvarpið hafði alltaf heillað að vissu marki en þegar ég sá hvernig þetta gekk fyrir sig vissi ég að þetta væri eitthvað sem hentaði mér mjög vel.“

Guðný Pála segir hraðann, stressið og adrenalínflæðið vera það sem heilli einna helst við sjónvarpið. Hún hóf störf fyrir rúmri viku síðan. „Þannig að ég er orðin þrautþjálfuð,“ segir hún og skellir upp úr. Draumur söngkonunnar er að stýra þætti á borð við



GUÐNÝ PÁLA RÖGNVALDSDÓTTIR Er ánægð með nýja starfið sem skrifta á Stöð 2. MYND/ANTON

Ísland í dag. Hún segist þó ekki vera byrjuð að blikka yfirmennina í von um frekari frama innan fyrirtækisins. „Ekki enn þá! Ég verð að vera aðeins lengur áður en ég byrja á því. Ég má ekki vera of æst!“ segir söngkonan og hlær áður en hún snýr sér aftur að skriftustarfinu.



*Ertu í
húsgagnaleit?*



Borðstofuhúsgögn



Mikið úrval af borðstofuhúsgögnum



Leðursófasett 3+2, til í rauðu, hvítu og svörtu leðri Verð kr. 330.000.-



Vandaður og þægilegur hornsófi með skemmlum og sterku áklæði sem auðvelt er að þrifa - Margir litir - verð 219.000.- Einnig fáanlegur með leðri.



Vandað leðursófasett 3+1+1 Verð kr. 284.000.-

Nýtt



Rafstýrður hvíldarstóll með lyftu sem lyftir þér upp og úr stólnum. Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar

Verð m/ákl. kr. 75.000.-



Hornsófi með innbyggðu rúmi Verð kr. 298.000.-

**NYJAR SENDINGAR
HAGSTÆÐ HÚSGAGNAKAUP!**

www.valhusgogn.is

Rölu um verslunina okkar í rölegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar. Þetta verður þú að prófa!

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið Virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16

DRÖFN ÖSP SNORRADÓTTIR VEKUR ÁVALLT ATHYGLI FYRIR SÉRSTAKAN FATASMEKK. DRÖFN, EÐA DD UNIT EINS OG HÚN ER LÍKA KÖLLUÐ, SEGIR MIKILVÆGT AÐ VIÐ SKOÐUM ÞAÐ SEM ER Í GANGI HVERJU SINNI OG VELJUM ÞAÐ SEM FER OKKAR VEXTI. HÚN SEGIR HJARÐMENNINGUNA SEM BETUR FER Á UNÐANHALDI.



DD UNIT „Pennan Oleg Cassini-kjól keypti ég á eBay. Cassini var Hollywood-búningahönnuður sem hannað mikið af kjólum fyrir Grace Kelly og Jacky O. Svalla vinkona mín gaf mér svo stígvélín.“



UPPÁHALDIÐ „Vivienne Westwood er í miklu uppáhaldi. Við erum að tala mikið saman sniðlega séð, ég og hún,“ segir Dröfn sem er hér í fallegum kjól frá fatahönnuðinum.



VINNUFÖTIN „Buxurnar eru úr POP á Laugaveginum en það er margt skemmtilegt að finna þar. Wedge-hælarnir eru frá Steve Madden en bolinn fékk ég á 300 kr. á útsölu í Zöru. Kimonó-peysan er úr Liborius en sóglæraugum úr POP.“

ROKKA EKKI HVÍTAR GALLABUXUR FYRIR MITT LITLA LÍF

Ég held það sé nokkuð öruggt að segja að ég hafi lengi spáð í fót og tísku,“ segir Dröfn Ösp Snorradóttir, viðskiptastjóri á auglýsingastofunni Fiton. Dröfn, eða DD Unit eins og hún er líka kölluð, er með sérstakan og skemmtilegan smekk en hún segist ekki leitast eftir að vera öðruvísi. „Ég klæði mig ekki eins og allir aðrir enda versla ég helst í búðum sem selja frekar einstakar flíkur. Ég er samt ekkert að reyna að vera öðruvísi en ég er bara svona,“ segir hún og bætir við að stíllinn hennar sé svolítið bland í poka. „Það fer eiginlega bara eftir því í hvaða skapi ég er hverju sinni. Stundum er ég í gömlum siffon-pallíettu-perlu-kjólum með kisu eyeliner og rauðan varalit en á öðrum tímum voðalega „plain“. En mitt „plain“ er kannski ekki „plain“ hjá öðrum, ég þarf alltaf að vera með eitthvað twist, ég gæti ekki gengið í öllu svörtu heldur skreyti með einhverjum lit, nælu eða set eitthvað í hárið.“



Dröfn verslar aðallega á netinu og sjálf kallar hún sig eBay-drottninguna. „Einnig kaupi ég mikið í versluninni POP, KronKron, Nakta apanum og í Trilogiu. Svo er alltaf gott að finna eitthvað í Zöru og HM,“ segir hún og bætir við að hún eyði einhverjum tíma á kvöldin að plana klæðnað morgundagsins. „Ég þarf að vera fin í vinnunni en ef þú átt nokkra lykilhúti þarf þetta ekki að vera flókið. Ég get til dæmis notað sama svarta kjólinn aftur og aftur ef ég skipti öðru út. Ég reyni að hafa stíllinn sem náttúruleg-

astan fyrir sjálfa mig þótt margir reki upp stór augu þegar þeir sjá mig,“ segir hún hléjandi.

Dröfn heldur úti heimasíðunni dd-unit.blogspot.com þar sem hún fjallar um stjórnum í Hollywood á skemmtilegan máta. Hún viðurkennir fúslega þennan áhuga sinn á „sel-eunum“ og segir þann áhuga ekkert öðruvísi en önnur áhugamál. „Ég meina, sumir hafa áhuga á íþróttum, pólitík, vísindum eða viðskiptum. Þetta er bara enn einn hluti af lífinu. Samt er þessi áhugi minn ekkert upp á líf og dauða heldur bara skemmtun og afþreying,“ segir hún og bætir við að ótrúlegasta fólk lesi síðuna reglulega. Spurð hvernig Íslendingar standi sig þegar kemur að tísku segir hún okkur öll að koma til. „Hér hefur ríkt

svolítill hjarðmenning þannig að ef eitthvað er í tísku þá eru allir í því en það er svolítið að breytast. Hver man til dæmis ekki eftir Tark-buxunum og Buffalo-skónum en sjálf get ég stolt sagt að ég hafi staðið fyrir utan þá tiskubylgju,“ segir hún brosandí og bætir við að fólk verði að finna sinn stíl svo það verði ekki fórnarlamb tiskunnar. „Það er svo margt í gangi og því verður að skoða það sem er í gangi og velja það sem fer þínum líkamsvexti. Það geta ekki allir farið í þröngar gallabuxur og gyrt ofan í stígvél. Ég get til dæmis ekki rokkað hvítar gallabuxur fyrir mitt litla líf. Við verðum að finna það sem fer okkur og þá þarf enginn að vera tiskufórnarlamb.“

indiana@frettabladid.is



EBAY-DROTTNING „Pennan Vivienne Westwood fékk ég á útsölu í KronKron í sumar. Skónir eru frá Christian Louboutin og ég keypti þá á eBay.“ /MYND HÖRÐUR

Gerðu eitthvað eftirminnilegt



Tvær léttar leiðir til að eignast Aygo:

26.408 kr.* á mánuði	14.996 kr. á mánuði
Innifalið: Afborgun af láni – Tryggingar – Bifreiðagjald 1. tímabils – Engin útborgun.	Meðalgreiðsla miðað við 30% útborgun og bílalan til 84 mánaða hjá Glitni.

Gerðu eitthvað eftirminnilegt – fáðu þér Aygo á þægilegum kjörum og njóttu þess að keyra áhyggjulaus.
Aygo. Engar áhyggjur. Svo máttu líka leggja frítt!

www.aygo.is

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070



* Sértílbóð Elísabetar og AYGO. M.v. 84 mánuði. Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.

AUÐUNN BLÖNDAL SNÝR AFTUR Á SKJÁINN Á NÆSTUNNI ÞEGAR ÞÁTTURINN TEKINN HEFUR GÖNGU SÍNA. AUÐDI, SEM STEFNIR Á LEIKLISTARNÁM Í FRAMTÍÐINI, SEGIST UNDIR ÞRÝSTINGI VARÐANDI BARNEIGNIR.

KÆRASTAN FJARRI GÓÐU GAMNI

Mér finnst þetta alveg meiri háttar skemmtilegt enda blundar lítill spennufíkill í mér," segir sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal en ný sýrpa af Tekinn hefst 14. september á Stöð 2. Á meðal fórnarlamba Auða að þessu sinni verða Jói Fel, Laddi, Ragnhildur Steinunn, Hermann Hreiðars, Jógvan og Ásgeir Kolbeins. „Við reyndum að taka Eið Smára en það var eini hrekkurinn sem heppnaðist ekki. Áhorfendur fá samt að sjá hvernig til tókst," segir Auddi og bætir við að hugmyndavinnan og undirbúningurinn við þættina sé afar skemmtileg. „Þetta er oft mikið stress og margt verður að ganga upp svo hjartað er oft í buxunum. Jói Fel þurfti til dæmis að leggja í hárrétt bílastæði á réttum tíma svo hrekkurinn myndi heppnast. Keðjuverkunin getur verið mikil." Auddi segir hin frægu fórnarlömb hingað til hafa tekið hrekkjunum vel. Sem betur fer hafi flestir húmorinn í lagi. „Við erum náttúrulega ekkert að niðurlægja fólk, bara hrekkja og það virðist sem þekkt fólk á Íslandi sé voðalega kurteist. Það hefur allavega enginn sett sig á háan hest enda væri voðalega skritið ef fólk væri gott með sig af því að það er frægt á Íslandi. Menn missa sig kannski í Bandaríkjunum þar sem þú getur fengið mörg hundruð milljónir fyrir að vera frægur en hér á Íslandi missirðu varla stjórn á skapinu þótt einhver leggi í stæði þitt. Jafnvel þótt þú sért frægur.“

„ÉG ER OPINN OG KÁTUR Á MÍNUM HEIMAVELLI EN FEIMINN VIÐ FÓLK SEM ÉG ÞEKKI EKKI OG VIRÐIST ÞVÍ STUNDUM HROKAFULLUR.“

Væri til í að eiga pýlsuvagn

Auddi hefur starfað í sjónvarpi frá því hann byrjaði í 70 mínútum á sínum tíma á Popptívi. Spurður hvað hann hefði fyrir stafni ef hann væri ekki í sjónvarpi segir hann að hann væri til í að eiga sinn eigin pýlsuvagn. „Ef ég væri ekki fyrir framan myndavélina vildi ég vinna á bak við hana enda kominn með góða reynslu af sjónvarpi eftir sjö ár í bransanum. Ef ég yrði að velja eitthvað ótengt sjónvarpi þá yrði minn eigin pýlsuvagn, Blöndalspýlsur, fyrir valinu en honum myndi ég koma fyrir fyrir utan sundlaugina á Sauðárkróki," segir Auddi brosandí.

Lilja, kærasta Auðuns, vakti athygli í fyrri seríunni af Tekinn. Auddi tekur undir að hún hafi staðið sig vel enda þrusugóð leikkona. „Hún reyndi fyrir sér í leiklistardeild Listaháskóla Íslands á sínum tíma og komst langt en ákvað að skella sér í staðinn í lögfræðina. Hún verður hins vegar ekki með í þessari sýrpu því við vildum ekki taka sénsinn á að einhver myndi þekkja hana," segir Auddi sem vill sem minnst tala um sitt persónulega líf. „Ég hef ekki gert það í fimm ár og við erum enn saman svo ég er sáttur og ætla ekkert að breyta því," segir hann ákveðinn.

Barneignir ekki á dagskránni

Auddi er með margt í deiglunni en segist alltaf á leiðinni í skóla þótt hann hafi ekki enn komið sér í það. „Mér finnst mjög gaman að leika og langar að mennta mig sem leikara. Vinnan er bara svo skemmtileg að það er erfitt að kúpla sig út og setjast á skólabeck," segir hann og bætir við að hann myndi líklega halda til Bretlands eða Bandaríkjanna þar sem enginn myndi þekkja hann til að læra fagið. Hvort áhugi á frekari frægð og frama í útlöndum blundi í honum segir hann að það væri gaman að reyna fyrir sér. „Það væri ekkert leiðinlegt að prófa Hollywood



SÆT SAMAN Auddi vill lítið sem ekkert tjá sig um ástina í lífi sínu en Lilja kærastan hans birtist í fyrri þáttaröðinni af Tekinn. Hún verður þó ekki með í ár.

viðtal



AUÐUNN BLÖNDAL „Sjálfstraustið er í góðu lagi í því sem ég er að gera, annars gæti ég líklega ekki unnið þessa vinnu.“ MYND/HÖRÐUR

en það eru kannski dálítið miklir draumórar. Það er samt aldrei að vita hvað maður gerir." Auddi á sér sinn draumahrekk sem honum hefur ekki enn tekist að framkvæma. „Mig langar að hrekkja Björgólf yngri, það er draumurinn. Það hefur hins vegar ekki tekist hingað til enda næstum jafn erfitt og að nálgast sjálfan páfann.“

Auddi segist ekki verða fyrir miklu áreiti vegna frægðarinnar. Aðallega sé fólk að ræða við hann um þáttinn á djammunni en það sé vanalega á góðum nótum. Hann viðurkennir að hafa gaman af því að kíkja út á lífið en að hann geri minna af því í dag en áður fyrr. Hvort hann sé ekkert farið

að langa í rólegra fjölskyldulíf segist hann varla geta eignast börn á meðan hann sé sjálfur barn. „Ég heyrði þetta hjá einum gæja en held ég verði að víkja frá þessari reglu því annars mun ég aldrei eignast börn. Vonandi koma þau í framtíðinni. Maður er umkringdur börnum vinanna því Simmi, Jói, Sveppi og Pétur eru allir með börn og spyrja mig reglulega hvort ég sé nokkuð með vatnspung, svo ég er undir smá þrýstingi. Barneignir eru samt ekkert á dagskránni.“

Þrátt fyrir að geta fíflast og grínast í sjónvarpi viðurkennir Auddi að hann sé í rauninni feiminn, allavega við ókunnuga. „Ég er opinn og

kátur á mínum heimavelli en feiminn við fólk sem ég þekki ekki og virðist því stundum hrokafullur," segir hann en bætir við að hrokin sé misskilinn. „Sjálfstraustið er í góðu lagi í því sem ég er að gera, annars gæti ég líklega ekki unnið þessa vinnu.“ Eins og flestir vita er Auddi frá Sauðárkróki. Hvort hann gæti hugsað sér að flytja aftur heim segir hann það ekki koma til greina í nánustu framtíð. „Kannski í ellinni þegar ég verð kominn með þrjú börn sem geta séð um pýlsuvagninn á meðan ég stjórna á bak við tjöldin," segir Auddi brosandí.

Nýjar vörur



MOHAWKS®.IS



20% afsláttur af freestyle hjólum



MOHAWKS | LAUGAVEGUR 44 | WWW.MOHAWKS.IS | 534 2951

Fótboltinn er lífsstíll

Víð höfum staðið okkur vel og því hefur kvennaboltinn fengið aukna athygli. Það má samt alltaf gera meira og betur," segir Hólmfríður Magnúsdóttir knattspyrnukona, sem hefur slegið í gegn með liði KR í sumar. Fríða, eins og hún er oftast kölluð, er tiltölulega nýbúin að jafna sig af slæmum meiðslum sem hún varð fyrir þegar hún lenti í samstuði í leik gegn Stjörnunni um miðjan mars. Við höggdi fór viðbeinið úr lið og stakkt í gegnum bringuna og inn í brjósthólið. Fríða var send heim eftir skoðun hjá lækni en vissi sjálf sem var að ekki væri allt með felldu. „Næsta morgun fór ég svo til annars læknis sem sá strax hvað var að. Ég var mjög heppin, þetta hefði getað farið enn verr," segir Fríða, sem var óvinnufær í tvo mánuði á eftir og varð að bryðja allt upp í 32 verkjatöflur á dag. „Í júní var ég svo valin í landsliðið án þess að hafa spilað neitt með KR og mér hefur gengið ótrúlega vel síðan," segir Fríða, sem ólst upp á sveitabæ í Landeyjum. „Ég spilaði fótbolta í sveitinni með strákunum og æfði frjálssar íþróttir í mörg ár. Þegar ég varð að velja á milli kom aldrei neitt annað til greina en að halda

áfram í boltanum. Fótboltinn er lífsstíll sem tekur mjög mikinn tíma en það er skemmtilegur félagsskapur í kringum þetta og margar af mínum vinkonum eru í fótboltanum," segir Fríða en bætir við að hún gefi sér þó tíma til að kíkja á lífið þegar færi gefst. Aðspurð segir hún draum sinn að komast út í atvinnumennsku en Fríða hefur þegar reynt fyrir sér með einu toppliðinu í Danmörku. „Ég þurfti að ákveða mig á tveimur dögum og vissi ekkert út í hvað ég var að fara. Þetta hafði sína kosti og galla, maður er vanur að vinna hér heima en þarna gerði ég ekkert annað en að æfa og mér var farið að leiðast eftir tvær vikur. Ef ég fer aftur út mun ég skoða liðið betur en mig langar mest til Svíþjóðar. Það er um að gera að leika sér aðeins á meðan maður er barnlaus."

indiana@frettabladid.is

HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR
 „Það er um að gera að leika sér aðeins á meðan maður er barnlaus.“
 MYND/ANTON



VERSLUNIN ER OG HÁRGREIÐSLUSTOFAN 101 HÁRHÖNNUN STÓÐU FYRIR TÍSKUSÝNINGU Á SKÓLAVÖRÐUSTÍGNUM Á LAUGARDAGINN. TÓTA DESIGN KYNNTI EINNIG NÝJA FATALÍNU SÍNA.

HAUSTTÍSKAN Á GÖTUNNI



SVART Svartur litur verður greinilega liturinn í haust.



REYND FYRIR SÆTA Anna Rakel Róbertsdóttir er alltaf flott.



TÖFF Fjöldi fólks mætti á Skólavörðustíginn og fylgdist með tískusýningunni.



TÍSKUSÝNING Hildur Sif Kristborgardóttir og Þórhildur Ýr stóðu fyrir sýningunni ásamt Áslaugu Harðardóttur, sem vantar á myndina. Jóhannes, faðir Þórhildar, er með þeim á myndinni.



HAUSTTÍSKAN Tiskuvörverslunin ER og hársnyrtistofan 101 Hárhönnun sýndu nýjasta nýtt í hausttískunni síðasta laugardag.



TÓTA DESIGN Um fyrstu fatalínu Tótu er að ræða en pottþétt ekki þá síðustu.



101 HÁRHÖNNUN Þær Katrín Ýr Óskarsdóttir, Inga Þyri Þórðardóttir og Hulda Jónsdóttir létu sig ekki vanta á Skólavörðustíginn.



FLOTTAR Margrét Guðnadóttir og Arna Barkardóttir voru á meðal gesta.

MYNDIR/HRÖNN



4 Gb iPod Nano
fylgir öllum nýjum
Volkswagen Fox.

 **Fox**  **iPod**  **Bluetooth**

Í **Volkswagen Fox** er iPod-tengi svo þú hefur upphaldstónlistina þína alltaf við höndina. 4 Gb iPod Nano fylgir öllum nýjum Fox-bílum. Hann er líka með Blátannarbúnaði (Bluetooth) þannig að þú getur talað handfrjálst við alla sem þú þarft að ná í.

Volkswagen Fox reyndist öruggasti bíllinn í sínum stærðarflokki í nýlegu árekstrarprófi ADAC í Þýskalandi og fékk fjórar stjörnur af fimm mögulegum.

Svo er Fox náttúrulega flottur, lipur og

kostar bara 18.965 kr. á mánuði.*

*M.v. 50.000 kr. útborgun og bílasamning SP Fjármógnunar í 84 mánuði. Verð 1.390.000 kr.

Komdu og prófaðu hann.

Volkswagen Fox er grænn bíll

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu.



Íslenskur bjórís slær í gegn

Það hljómar kannski ekki svo vel að blanda saman bjór og ís en ótrúlegt nokk þá leggst þessi blanda afar vel í bragðlaukana eins og framleiðsla Ísgerðarinnar í Holtsseli í Eyjafirði sannar. Ísgerðin, sem stofnuð var í fyrra, hefur verið óhrædd við að fara ótroðnar slóðir í framleiðslunni og hefur í sumar meðal annars framleitt bjórís.

Norðlendingarnir eru svo sem ekki að finna upp hjólið í þessum efnum þar sem Belgar hafa lengi framleitt slíkan ís. Holtssel fer hins vegar ekki eftir uppskrift Belganna heldur notar íslenskan bjór úr heimabyggð í ísinn, Kalda frá Bruggsmiðjunni á Árskógs-sandi. Að sögn Guðrúnar Egilsdóttur í Holtsseli hefur bjórísinn fallið vel í kramið hjá þeim sem hann hafa prófað en þó segir hún að skýris með íslenskum bláberjum hafi ekki síður verið vinsæll í sumar.

Bjórísinn, sem er brúngullinn að lit, hefur mátt nálgast á býlinu sjálfu, á kaffihúsinu Vogafjösi í Mývatnssveit og á veitingahúsinu Friðriki V á Akureyri.

„Við bjóðum upp á fimm rétta óvissumatseðil þar sem leitast er við að bjóða upp á það sem við erum stoltust af hverju sinni úr hráefni héðan af svæðinu. Í því samhengi hefur okkur fundist einkar flott að geta boðið upp á sveitaís úr fyrstu mínísgerð landsins, ís sem búinn er til úr bjór sem er bruggaður í fyrstu



Svalandi eftirréttur

Ís og bjór er eitt það mest svalandi sem hægt er að hugsa sér og nú er hægt að slá tvær flugur í einu höggi með því að fá sér bjórís á veitingastaðnum Friðriki V á Akureyri. Þar er ísinn borinn fram með slettu af norðlenska bjórnum Kalda. MYND/HJALTI

míníbruggverksmiðju landsins, hvorutveggja fyrirtæki sem eru hér í Eyjafirði,” segir Friðrik Valur Karlsson, eigandi Friðriks V, sem ber ísinn fram með slettu af Kalda út á. „Ekki það að það þurfi þar sem það er mjög

gott bjórbragðið af ísnum,” segir Friðrik en bætir við að það geri mikið fyrir steminguna að hella dass af bjór út á ísinn. „Það er skemmtilegt bragð af ísnum sem vakið hefur mikla athygli.“ - snæ

Segway – næsta æði á Íslandi

Segway er nafnið á afar sérstökum fararskjóta sem undanfarið hefur slegið rækilega í gegn í Bandaríkjunum, ekki síst í Kaliforníu. Farartæki þetta hefur einnig verið að hasla sér völl í Evrópu og ef að líkum lætur verður þess ekki langt að bíða að Íslendingar falli fyrir því, eins nýjungagjörn og tæknisinnuð sem þjóðin er.

Nokkrir Íslendingar hafa nú þegar fallið fyrir Segway-fararskjótanum. Þeirra á meðal er leikarinn Gunnar Hansson sem sást þeysast um á slíku tæki í gervi lífskústnersins Frímanna Gunnarssonar í Reykjavíkumaraþoni Glitnis. Tækið sparði Frímanni heldur betur sporin í hlaupinu og vakti sannarlega bæði undrun og eftirtekt annarra hlaupara, enda ekki bara skemmtilegt og þægilegt í notkun heldur einnig algjörlega hjóðlaust og umhverfisvænt.

Segway-hjólið er rafknúði tvíhjóli sem er ólíkt öllum öðrum farartækjum sem fyrir eru á markaðinum. Menn svífa í raun um í lóðréttu stöðu rétt fyrir ofan jörðu með góða sýn yfir það sem fram- undan er og þeir sem hafa prófað tækið segja að tilfinningin sé ekki ólík því að fljúga um á töfrateppi. Engar bremsur eða inngjöf eru á hjólinu og stýra



umhverfisvænn ferðamáti

Þeir sem prófað hafa Segway segja að farartækið minni á töfrateppi. Engar bremsur eru á hjólinu né inngjöf og stýra menn því einungis með eigin líkamspýngd.

menn því eingöngu með eigin líkamspýngd. Þannig halla menn sér fram til þess að komast áfram og aftur til þess að stoppa. Hjólið, sem gengur fyrir rafhlöðum, kemst á allt að 20 km á klukkustund og undir venjulegum kringumstæðum má reikna með því að menn komist 39 km á hleðslunni. Hjólið kostar þó sitt, eða í kringum hálf milljón.

Það er fyrirtækið Lettitaekni sem er umboðsaðili hjólsins á Íslandi. Frekari upplýsingar um hjólið má finna á heimasíðunni www.lettitaekni.is/segway.



Gott atvinnutæki

Lögreglumenn víða í Evrópu nota Segway til að sinna skyldustörfum sínum en tækið er til í nokkrum útgáfum. Þetta hjól er í torfærútgáfu og er með stærri hjólum sem henta vel á vegum utan borgarmarkna.

Brad er langfallegasti faðir í heimi

Við héldum öll að við myndum fá upp í kok af Brangelínu-klíkunni, enda líður varla sá dagur að við fáum ekki að sjá stórfjölskylduna miklu á ferð og flugi um allan heim. En það gerist ekki, sérstaklega ekki af Brad og umhyggju hans til barna sinna.

Þessar myndir voru teknar af Pittar- anum og krökkunum án Shiloh í New York á dögum. Og á meðan Angelina er í Írak á vegum Sameinuðu þjóðanna var Brad í pabbahlutverkinu. Maðurinn er náttúrlega sá aflottasti og börnin gera hann enn fallelgri. Brad Pitt er myndarlegasti pabbi í heimi.



Á ferð og flugi

Pax Thien virðist vera að aðlagast vel, sérstaklega í fangi föður síns.



Aðeins að spjalla

Zahara hefur eitthvað mikilvægt að segja við elsta bróður sinn, Maddox.



Við fáum ekki nóg

Af Brad Pitt og Zahöru. Hún er bara aðeins of sæt.



Góður dagur

Eins og sést á myndinni var þetta góður dagur hjá Brad og börnunum.



Mamma í írak

Á meðan börnin léku sér í Central Park var Angelina Jolie á fullu í Írak. Þessar myndir eru ótrúlegar.



Gott að vera hjá pabba

Zahara Jolie-Pitt heldur fast um pabba sinn.

Dansandi Dita

Marilyn Manson er heimskasti maður í heimi að vilja ekki fyrrverandi konu sína, Ditu Von Teese. Í stað hennar hefur hann fundið sálufélagann sinn í hinni 19 ára gömlu leikkonu Rachel Evan Wood.

Það bar ekki mikið á Ditu á meðan hún var gift kappanum, en á síðustu mánuðum hefur hún mikið látið koma mikið til sín og er eitt alveg á hreinu: Marilyn Manson var ekki að gera henni neitt gott.

Dita var stödd á lítilli tónlistarhátíð á Ítalíu er þessar myndir voru teknar. Það er guðdómlegt að sjá hana brosa, hvað þá dansa. Þessar myndir eru stórkostlegar.



Gyðja

Dita Von Teese er ein flottasta konan í Hollywood.

Eins og í gamalli bíómynd

Dita og ítalskur söngvari taka nokkur spor á tónlistarhátíð sem fór fram á Ítalíu á dögum.

Í DAG OG Á MORGUN
LAUGARDAG

ALLT AÐ
FIMMTÍU
PRÓSENTA
AFSLÁTTUR

AF SÝNINGARVÖRUM

Hans J. Wegner
Borge Mogensen
Arne Jacobsen
Erik Magnussen
Philippe Starck
ofl.

epal

helgin

★Hvernig leggst haustið í þig?



„Haustið er eins og nýyddaðir blýantar, allir tilbúnir að byrja á nýju verki.“

Bryndís Ísold Hlökkversdóttir samfylkingarkona.



„Mér finnst fint að fá smá rigningu og kulda. Ég verð allavega ekkert þunglyndur. Maður verður alltaf fyrir vonbrigðum með sumarið en haustið er alltaf eins.“

Davíð Smári Harðarson söngvari.



„Haustið leggst ekki nógu vel í mig. Ég var að koma úr hitanum í Barcelona og hefði helst viljað vera lengur úti.“

Brynja Valdarsdóttir söngkona.

SIRKUS

Útgáfufélag 365 prentmiðlar

Ritstjórn Kristján Hjálmarsson

kristjan@frettabladid.is

Póra Karitas

Snæfríður Ingadóttir

Índiana Ása Hreinsdóttir

indiana@frettabladid.is

Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir

kristina@frettabladid.is

Forsíðumynd Hörður Sveinsson

Sirkusblaðið Skaftahlíð 24

105 Reykjavík, sími 512 5000

Söluþjóri Bergur Hjalttested

512 5466. bergurh@365.is



Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus

www.klingenberg.is

Fyrirmynd í öllu sem hún tekur sér fyrir hendur

Sigríður Snævarr er ás. Í spilum er ásinn annaðhvort hæstur eða lægstur en yfirleitt er hann aflmestur,“ segir Sigríður Klingenberg um fyrrum sendiherrafrúna. „Ásinn er gríðarlega ábyrgðarmikill, byrjar að skipta á sjálfum sér þegar hann er eins árs. Ásinn hefur alltaf réttu bækurnar með sér í skólann og hugsar vel um sína, sérstaklega foreldra sína þegar þeir þurfa á því að halda. Þar af leiðandi ráðlegg ég flestum að eignast allavega eitt lítið ásabarn á sitt heimili. Þó að ásinn virki opinn og bjartur þá hleypir hann oft hægt inn í vináttuna en ef maður er svo gífurlega heppinn að eignast vináttu, til dæmis Sigríðar, þá verður maður húkkt ævilangt. Hún berst fyrir sína eins og ljón og hefði verið góð hjúkrunarkona sem vinnur við áfallahjálpar sem hún fær sérstakan styrk þegar álagið dýnur yfir. Hún og kærastinn, Kjartan, eru gífurlega tengd úr fyrri lífum og þar af leiðandi hefur hjónaband þeirra verið extra skemmtilegt og gott, þau voru búin að æfa sig

að minnsta kosti einu sinni. Sigríður byrjaði í nýju tímabili í fyrra og er núna inni í tíu ára tímabili þar sem allt aðrir þættir eru miðju-punkturinn, sem sagt litla kraftaverkabarnið. Sigríður hefur þessa orku að vera fyrirmynd í öllu sem hún gerir, hvort sem það er að baka brauð, elska karlinn sinn eða vera móðir. Ef eitthvert orkuleysi angrar Sigríði þessa dagana skal hún passa að það sé ekki þessi sífelldi gestagangur og njóta einverunnar með góðri tónlist.“



SIGRÍÐUR SNÆVARR „Hún og kærastinn, Kjartan, eru gífurlega tengd úr fyrri lífum og þar af leiðandi hefur hjónaband þeirra verið extra skemmtilegt og gott,“ segir Sigríður um nöfnu sína.

UNNUR PÁLMAUSDÓTTIR HELDUR FUSION FITNESS FESTIVAL Í FIMMTA SKIPTIÐ.



UNNUR PÁLMAUSDÓTTIR „Þessi hátíð er fyrir alla fjölskylduna og svo er einnig upplagt fyrir fyrirtæki að vera með hópefli og nýta heilsuhátíðina til að koma og gera sér glaðan dag,“ segir Unnur. /MYND HÖRÐUR

Þolfimitímar til styrktar Blátt áfram

Ég og maðurinn minn ákváðum að láta gott af okkur leiða og styrkja gott málefni sem er Blátt áfram,“ segir Unnur Pálmasdóttir, framkvæmdastjóri Fusion, en Unnur stendur fyrir heilsuhátíðinni Fusion Fitness Festival í fimmta skiptið en á hátíðinni verður hún með góðgerðarþolfimitíma til styrktar málefninu. „Páll Óskar verður plötusnúður í öðrum salnum og svo verður risa spinningtími í hinum. Fólk greiðir sig inn í þolfimitímann með frjálsum framlögum og við ætlum að veita góðgerðarsamtökunum Blátt áfram upphæðina, sama hversu mikið safnast,“ segir Unnur og bætir við að auk góðgerðartímans verði mikið um að vera á heilsuhátíðinni sem fer fram í World Class í Laugum 14.-16. september. „Ég mun fá sex bestu kennara í Evrópu á sviði líkamsræktar og heilsu auk þess sem við verðum með okkar fremstu þolfimi- og danskennara frá Íslandi. Í

boði verður meðal annars Workshop með fitball líkamsræktarboltum, hreyfilist með Árna Pétri Guðjónssyni leikara, sem var ofsalega vinsælt í fyrra, Army Training sem Konni og Nonni stjórna í World Class ásamt nýjungum í líkamsræktarheiminum í dag. Nú er mikil samvinna á milli þolfiminnar og dansins, þar sem dansinn er ávallt að verða vinsælli og því er gaman að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá á heilsuhátíðinni í ár á heimsmælikvarða og því ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.“ Hægt er að finna allar nánari upplýsingar um Fusion Fitness Festival á heimasíðunni fusion.is. Skráning fer fram í World Class Laugum en einnig er hægt að senda póst á unnur@fusion.is. „Þessi hátíð er fyrir alla fjölskylduna og svo er einnig upplagt fyrir fyrirtæki að vera með hópefli og nýta heilsuhátíðina til að koma og gera sér glaðan dag,“ segir Unnur. indiana@frettabladid.is

SPURNINGAKEPPNI sirkuss

HELGI SELJAN HEFUR REYNST ERFIÐUR VIÐUREIGNAR EN HÉR MÆTIR HANN RAGNARI SANTOS KVIKMYNDAGERÐARMANNI.

1. Hvað heitir persónan sem Ragnhildur Steinunn leikur í Astrópiu?
2. Undir hvaða nafni þekktist fyrirsæt-an Katie Price betur?
3. Með hvaða Formúlu 1-liði ekur ökuþóririnn Lewis Hamilton?
4. Hvað heitir fyrsta plata Pink Floyd og verður endurútgefin í næsta mánuði?
5. Hver er leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar?
6. Hver var nýverið kosin kynþokkafyllsta kona heims á lífi af FHM tímaritinu?
7. Hvað eru James Bond-myndirnar margar?
8. Í hvaða borg gerist sápuóperan The Guiding Light?
9. Hver er krónprins Noregs?
10. Hver leikur aðalhlutverkið í þáttaröðinni Men in Trees?



■ Helgi Seljan 6 RÉTT SVÖR

1. Hildur.
2. Jordan.
3. McLaren.
4. Pink Floyd.
5. Magnús Geir Þórðarson.
6. Jessica Alba.
7. 12.
8. Los Angeles.
9. Hákon.
10. Veit ekki.



■ Ragnar Santos 3 RÉTT SVÖR

1. Hildur.
2. Naomi Campell.
3. Peugeot.
4. The Wall.
5. Magnús Geir Þórðarson.
6. Angelina Jolie.
7. 23.
8. Los Angeles.
9. Hákon.
10. Pass.

1. Hildur. 2. Jordan. 3. McLaren. 4. The Piper at the Gates of Dawn. 5. Magnús Geir Þórðarson. 6. Jessica Alba. 7. 21. 8. Springfield. 9. Hákon. 10. Anne Hache.

Helgi heldur sigurgöngu sinni áfram. Hér sigrar hann með sex stigum gegn þremur. Ragnar skorar á fréttakonuna Rakel Þorbergsdóttur. Fylgist með í næstu viku.



ILMUR • HELGA BRAGA • GULLA • KATLA MARGRÉT • EDDA BJÖRG
AUDDI • BERGUR • PÉTUR JÓHANN • SVEPPI • KJARTAN

Stelpurnar



skemmtilegri

STELPURNAR

Í KVÖLD KL. 20:30

ÁSKRIFT: 512 5100 | VERSLANIR VODAFONE



Jane norman

Jane Norman er ein vinsælasta
tískuvöruverslunin fyrir ungar
konur í Bretlandi í dag og rekur
157 verslanir í Evrópu.

Vertu velkomin!

Jane norman